



**Breyting á Stjórnunar- og verndaráætlun
Vatnajökulsþjóðgarðs
Veiðar á austursvæði**

**Samþykkt til afgreiðslu ráðherra
á stjórnarfundum 27. júní 2022**

Samþykktar og staðfestingarferli

Breyting þessi á stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs var unnin á grundvelli 7. mgr. 12. gr. laga um Vatnajökulspjóðgarð nr. 60/2007.

Breytingin var mótuð af svæðisráði austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs skv. 4. mgr. sömu lagagreinar og samþykkt af svæðisráði austursvæðis þann 22.6.2022.

Breytingin var samþykkt af stjórn Vatnajökulspjóðgarðs þann 15.11.2021 í samræmi við 5. mgr. 12. gr. laga nr. 60/2007.

Á grundvelli 6. mgr. 12. gr. laga nr. 60/2007 var tillagan staðfest ráðherra umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra þann ____/____/____

Efnisyfirlit

Samþykktar og staðfestingarferli	1
1 Inngangur breytingatillögu	3
Bakgrunnur og tilgangur breytingatillögunnar	3
Viðfangsefni breytingartillögu	4
Vinnuferli við móttun breytingatillögu.....	4
2 Breytingatillagan	5
4 Skýringakort	8

1 Inngangur breytingatillögu

Bakgrunnur og tilgangur breytingatillögunnar

Breytingatillagan sem sett er fram í þessu skjali er unnin á grundvelli 7. mgr. 12. gr. laga um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 60/2007 m.s.br. Framlögð breytingatillaga var samþykkt samhljóða á fundi svæðisráðs austursvæðis 6.4.2022 og samhljóða í stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs 25.4.2022 og er hér lögð fram til kynningar umsagnaraðila og almennings.

Breytingatillagan er unnin í kjölfar endurmats Vatnajökulsþjóðgarðs á forsendum sérákvæða um veiðar á austursvæði. Samkvæmt 9.5. kafla stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulsþjóðgarðs gilda sérákvæði um veiðar á austursvæði þjóðgarðsins. Ákvæðin hafa verið í gildi frá því þau voru sett árið 2011 í 1. útg. stjórnunar- og verndaráætlunar en tóku örlitlum breytingum árið 2013. Gert var ráð fyrir að forsendur ákvæðanna yrðu endurmetnar að nokkrum tíma liðnum m.a. út frá þróun útivistar á svæðinu, frekari rannsóknum og áhrifum hlýnandi veðurfars.

Haustið 2021 gekk seint að fullnýta hreindýraveiðikvóta á svæði 2 á sama tíma og einhver hreindýr héldu sig innan griðlands. Barst þjóðgarðinum í kjölfarið erindi frá Félagi leiðsögumanna með hreindýraveiðum (FLH) þar sem óskað var eftir að sérákvæði stjórnunar- og verndaráætlunar á austursvæði yrðu tekin til endurskoðunar. Þá barst einnig erindi frá Skotvís og fleirum sama efnis í tengslum við gerð 3. útg. stjórnunar- og verndaráætlunar. Einnig komu fram efasemdir um lagalegan grundvöll ákvæðanna.

Í kjölfarið hóf þjóðgarðurinn athugun á málinu og óskaði m.a. eftir umsögnum um málið frá Umhverfisstofnun (UST), Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ), hreindýraráði og Náttúrustofu Austurlands (NA). Þá tók þjóðgarðsvörður austursvæðis saman minnisblað um reynsluna af umræddum sérákvæðum, landvörslu, þjónustu og uppbyggingu á svæðinu í formi gönguleiða og vega, gestafjölda, umferð og fjölþætta nýtingu ólíkra útivistarhópa. Að lokum tók lögfræðingur þjóðgarðsins saman greinargerð um forsögu málsins og lagalegan grundvöll þess. Kom m.a. fram að ósamræmi væri milli ákvæða stjórnunar- og verndaráætlunar VJP um veiðibann og 26. gr. gildandi reglugerðar um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 300/2020 (svæði þar sem hefðbundin landnýting væri leyfð) sem nauðsynlegt væri að bæta úr. Þá var í minnisblaðinu jafnframt bent á að þar sem sérákvæðin um tímabils- og svæðisbundin veiðibönn kæmu einungis fram í stjórnunar- og verndaráætlun væru úrræði þjóðgarðsins til eftirfylgni afar veik. Æskilegra sé að reglur um veiðitakmarkanir innan þjóðgarðsins sæki sér frekar lagastoð til villidýralaga þannig að um framfylgd þeirra gildi sömu reglur og viðurlög og utan þjóðgarðs. Setning slíkra reglugerða er í höndum umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, að fengnum tillögum NÍ og UST.

Að lokinni framangreindri gagnaöflun og samráðs við fagstofnanir og tiltekna hagsmunaaðila var málið tekið til afgreiðslu svæðisráðs á fundi þann 3. febrúar 2022. Afgreiddi svæðisráðið málið með eftirfarandi bókun:

“Á grundvelli þeirrar vinnu og gagna sem fyrir fundinum liggja þá samþykkir svæðisráð samhljóða að leggja til að ákvæði um veiðigriðland við Snæfell og seinkun veiða á Snæfellsöræfum verði felld út úr stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs. Felur svæðisráð starfsmönnum þjóðgarðsins að rýna forsendur ólíkra hagsmunaaðila vegna nýtingar svæðisins með það fyrir augum að landnýting verði sjálfbær og forðast megi árekstra milli mismunandi útivistarhópa. Samhliða verði fagstofnunum veiðistjórnunar tilkynnt umrædd áform, með það fyrir augum að þær geti tekið afstöðu til mögulegra sérákvæða um veiðar fyrir svæðið á grundvelli heimilda í villidýralögum.”

Samhliða breytingatillögunni er lögð fram vöktunaráætlun sem unnin að höfðu samráði við Náttúrustofu Austurlands, Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun. Ennfremur er lögð

fram viljayfirlýsing Vatnajökulsþjóðgarðs og Félags leiðsögumanna með hreindýraveiðum um samstarf. Vöktunaráætlun og samstarfsverkefni eru til að byrja með hugsuð til þriggja ára. Staðan verði metin reglubundið, en að þremur árum loknum verði staðan formlega endurmetin með tilliti til þeirra reynslu sem þá hefur safnast.

Viðfangsefni breytingartillögu

Vinna við stjórnunar- og verndaráætlun mun fela í sér að felld verða út framangreind ákvæði um veiðigríðland við Snæfell og seinkun veiða á Snæfellsöræfum. Niðurstöður samtals og gagnaöflunar gefa tilefni til að halda óbreyttum ákvæðum um heimildir þjóðgarðsvarðar til að stýra umferð um svæði á fellitíma heiðargæsa og á það sem fyrr við um alla umferð, óháð veiðum.

Vinnuferli við mótun breytingartillögu

Breytingartillagan verði unnin í eftirfarandi skrefum:

1. Gerð verkefnis- og matslýsingar
2. Kynning verkefnis- og matslýsingar
3. Greining og samráð
4. Mótun tillögu og kynning. Tillaga var tekin fyrir í svæðisráði austursvæðis 6.4.2022 og samþykkt samhljóða. Stjórn fjallaði um afgreiðslu svæðisráðs á fundi sínum 25.4.2022 og samþykkti að kynna breytingartillöguna.
5. Formlegt kynningarferli. Breytingartillagan auglýst opinberlega í samræmi við 12. grein laga um Vatnajökulsþjóðgarð og almenningi og hagsmunaaðilum gefinn kostur á að gera athugasemdir innan sex vikna frá birtingu auglýsingar. Tillagan send til umsagnar:
 - Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ (lögbundinn umsagnaraðili)
 - Umhverfisstofnun, UST (lögbundinn umsagnaraðili)
 - Náttúrustofa Austurlands, NA
 - Hreindýraráð
 - Félag leiðsögumanna með hreindýraveiðum, FLH
 - Skotveiðifélag Austurlands, SKAUST
 - Skotveiðifélag Íslands, Skotvís
 - Náttúruverndarsamtök Austurlands, NAUST
 - Austurbrú
 - Upphéraðsklasinn (ferðapjónusta)
 - Ferðafélag Fljótsdalshéraðs
 - Búnaðarsamband Austurlands
 - Landgræðslan
 - Landsvirkjun
 - Fljótsdalshreppur
 - Múlaping
6. Opin kynningarfundur, haldinn í fjarfundi 31.5.2022 og vistaður á vef þjóðgarðsins.
7. Úrvinnsla athugasemda og svör. Unnið úr umsögnum, lokatillaga samþykkt af svæðisráði austursvæðis 22.júní 2022 og stjórn 27.6.2022.
8. Staðfesting ráðherra. Tillaga send ráðherra til staðfestingar. Þegar ráðherra hefur staðfest breytingu á stjórnunar- og verndaráætlun er hún auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og tekur hún gildi við birtingu.

2 Breytingatillagan

Kaflaheiti að neðan vísa í kaflaheiti í stjórnunar- og verndaráætlun. Texti sem fellur út er merktur með **rauðu lettri og yfirstrikaður**.

Gildandi stjórnunar- og verndaráætlun má í heild sinni nálgast hér:

https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/static/files/Stjornsysla/PDF-skjol-kort/stjornunar-og_verndar_2013.pdf

Kafli 9.1 Verndarsvæði

Kafli 9.1.3 Innan austursvæðis

...

Hlíðar Snæfells, hnjúkar kringum Snæfell og svæðið þar suðvestur af Jökulkvísl

Forsendur:

Á svæðinu er gróður sem er fagur og setur svip á umhverfið en er mjög viðkvæmur og þolir engan átroðning. Skemmdir í mosagróðri sjást mjög lengi og geta auk þess valdið úrrennsli og þannig miklum skemmdum á gróðri. Mosagróðursvæði eru víðast ósamfelld þannig að hægt er að leggja leiðir um svæðið að mestu fram hjá þeim.

Markmið:

Að vernda viðkvæma náttúru og gróðurfar.

Skilmálar:

~~Skotveiði er takmörkuð á hluta svæðisins, sbr. ákvæði um veiðar og eggjatöku.~~

Ferðaleiðir taki mið af því að gróðurþekja er viðkvæm og þolir litla umferð.

Vanda skal til lagningar göngustíga og beina hjólreiðum og hestaferðum frá gróðrinum.

Þjóðgarðsverði er heimilt að stjórna og takmarka umferð um þetta svæði ef náttúruvernd gefur tilefni til.

Eyjabakkar

Forsendur:

Eyjabakkar eru eitt stærsta og fjölbreytilegasta votlendi á miðhálandi Íslands, óvenju gróskumikið og í um 650 m h.y.s. Svæðið er sérstætt og landslag svipmikið. Vistgerðir eru þar fjölbreyttar og tegundaríkar, með fjölda tjarna, flæðimýrar og ýmsar sjaldgæfar plöntutegundir. Flæðimýrarnar eru fágætar hér á landi og eru mikilvægt beutiland hreindýra, heiðagæsa og álfra. Svæðið er einnig mikilvægur fellistaður heiðagæsa en á Eyjabökkum hafa fleiri heiðagæsir fellt fjaðrir en á nokkrum öðrum stað í heiminum. Við Eyjafell er að finna sérstæða jökulgarða með hraukum. Á svæðinu er viðkvæmur en ósamfelldur mosagróður og því ætti að vera hægt að leggja ferðaleiðir um svæðið að mestu fram hjá honum.

Vegna sérstöðu sinnar uppfylla Eyjabakkarnir viðmið sem alþjóðlega mikilvægt votlendissvæði samkvæmt Ramsarsamningnum. Því hefur 26.450 ha svæði innan Eyjabakka verið fært inn á skrá Ramsarsamningsins.

Markmið:

Að vernda sérstöðu Eyjabakka sem alþjóðlega mikilvægt votlendi.

Að vernda aðra sérstöðu svæðisins í landslagi, jarðmyndunum og lífríki.

Skilmálar:

~~Skotveiði er takmörkuð, sbr. ákvæði um veiðar og eggjatöku.~~

Þjóðgarðsverði er heimilt að takmarka umferð á varptíma og fellitíma til þess að verja fuglalíf fyrir truflun. Göngu-, reið- og reiðhjólreiðaleiðir taki mið af því að mosagróður þolir enga umferð. Vanda skal til stikunar gönguleiða og beina hjólreiðum og hestaferðum frá gróðrinum

Kafli 9.5 Hefðbundin landnýting

...

Fugla- og hreindýraveiðar

Veiðar á fuglum og hreindýrum innan Vatnajökulsþjóðgarðs eru einungis heimilar á þeim svæðum þar sem hefðbundin landnýting er leyfð og skilgreind eru í reglugerðum sem vísað er til hér fyrir ofan og sýnd eru á skýringarupprætti. ~~Innan griðlands við Snæfell og austan þess eru veiðar takmarkaðar vegna mikilvægra varplanda og fellistaða, votlendis sem er alþjóðlegt verndarsvæði (RAMSAR), vegna viðkvæms mosagróðurs og vegna gildis svæðisins fyrir almenna útivist og náttúruskoðun.~~

Allar veiðar, aðrar en minkaveiðar, eru bannaðar á eftirtöldum svæðum:

- Í Jökulsárgljúfrum, skv. afmörkun þeirra í reglugerð.
- Í Skaftafelli, skv. afmörkun í reglugerð.

~~Allar veiðar, aðrar en minka- og refaveiðar, eru bannaðar innan griðlands við Snæfell og austan þess, sbr. afmörkun hér fyrir neðan.~~

~~Um veiðar á einstökum tegundum gilda eftirfarandi skilyrði:~~

~~Hreindýraveiðar eru ekki heimilar á eftirtöldum svæðum:~~

- Á austursvæði, milli Háslóns og Jökulsár í Fljótsdal, fyrir 15. ágúst. Við hreindýraveiðar er þó heimilt að fella dýr allt að 1.000 metrum fyrir innan þjóðgarðsmörk á þessu svæði fyrir 15. ágúst en einungis þegar verið er að elta hjörð. Komi til slíks skal leiðsögumaður á hreindýraveiðum tilkynna það svo fljótt sem auðið er til landvarða í Snæfelli eða þjóðgarðsvarðar.

~~Gæsaveiðar á austursvæði:~~

~~Þjóðgarðsverði, að höfðu samráði við svæðisráð, er heimilt að gefa út tilkynningu um seinkun veiða, gefi mat viðurkenndra aðila á varpfrámvindu heiðargæsar á svæðinu að vori ástæðu til frestunar. Slík tilkynning skal gefin út eigi síðar en 15. júlí ár hvert.~~

~~Griðland við Snæfell og austan þess:~~

~~Austurmörk fylgi austustu kvísl Jökulsár í Fljótsdal frá upptökum og norður að vaði. Þaðan bein lína vestur í Sótaleiði og frá þeim yfir á toppinn á Sandfelli. Frá honum yfir á Nálhúshnjúk og síðan í toppinn á Tíutíu. Línan fylgi svo Snæfellslóð þar sem hún fer yfir Grjótlæki og að vaði við Langahnjúk þar sem hún fer í topp hans og þaðan í topp Ketilhnjúks. Bein lína þaðan í topp Litla-Snæfells og síðan í upptök vestustu kvíslar Jökulsár í Fljótsdal. Suðurmörk fylgja síðan jaðri Eyjabakkajökuls að upptökum austustu kvíslar Jökulsár í Fljótsdal.~~

~~Á skýringarupprætti má sjá afmörkun ofangreindra svæða.~~

Eftirfarandi kaflar birtir til skýringar, tillaga að haldist óbreyttir.

9.1 Verndarsvæði

9.1.1 Dreifð verndarsvæði

Eftirtalin svæði eru dreifð um þjóðgarðinn og gilda sömu markmið og skilmálar alls staðar þar sem tilgreindar forsendur eru fyrir hendi:

...

Burðarsvæði hreindýra

Forsendur:

Mikilvægt er að hreinkýr hafi næði meðan á burði stendur en truflun og umferð getur aukið kálfadauða. Hreinkýr hafa borið vítt og breitt á Vesturöræfum á austursvæði og á suðursvæði þjóðgarðsins. Ekki er auðvelt að benda á ákveðin burðarsvæði heldur ræðst staðsetning slíkra svæða töluvert af árferði. Oftast eru burðarsvæði varin fyrir átroðningi vegna þess hversu snemma hreinkýrnar bera en þegar vel árar getur einhver umferð verið um svæðin á burðartíma.

Markmið:

Hreinkýr geti valið heppilegan stað til að bera og verði ekki fyrir truflun af manna völdum um burðartímann.

Skilmálar:

Umferð skal beint frá burðarsvæði á burðartíma hreinkúa frá 15. maí til 10. júní.

Þjóðgarðsverði er heimilt að takmarka umferð á burðartíma þar sem tilefni er til.

Varplönd og fellisvæði heiðagæsar

Forsendur:

Heiðagæs er ábyrgðartegund og hluti stofnsins verpir meðal annars innan þjóðgarðs á Snæfellsöræfum og í gróðurvinjum á Brúaröræfum. Mikilvæg fellisvæði eru meðal annars á Eyjabökkum.

Markmið:


Varp heiðagæsar verði ekki fyrir truflun af manna völdum.

Skilmálar:

Þjóðgarðsverði er heimilt að takmarka hvers kyns umferð um helstu varplönd og fellisvæði heiðagæsa.

4 Skýringakort

Skýringauppráttur með gildandi Stjórnunar- og verndaráætlun:



Skýringaruppdráttur af landnýtingu

Uppdrátturinn er til skýringar og er ekki hluti af staðfestri stjórnunar- og verndaráætlun. Vatnajökulsþjóðgarður áskilur sér rétt til að breyta uppdráttinum ef þörf krefur. Uppdrátturinn gerir grein fyrir helstu þáttum landnotkunar sem kveðlið er á um í stjórnunar- og verndaráætlun, bæði þeim sem þegar eru fyrir hendu og þeim sem eru áformaðir. Verndarsvæði eru þó ekki sýnd endar er afmörkun þeirra í mörgum tilfellum vandasöm.

Skýringauppráttur – breytingatillaga, þar sem veiðigríðland verði felt út:

